

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Kirkjubæjarklaustur

13. mars 2010, kl. 17:00-19:00

15 gestir

Fundafrásögn: Helga Barðadóttir

Fulltrúar frá verkefnisstjórn:

Svanfríður I. Jónasdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Anna G. Sverrisdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir, Elín Líndal, Friðrik Dagur Arnarson og Unnur Brá Konráðsdóttir. Einnig Helga Barðadóttir sem ritaði fundarfrásögn.

Svanfríður fór stuttlega yfir hlutverk verkefnisstjórnar og greindi m.a. frá því að allar upplýsingar væri að finna á heimsíðu rammans.

Guðni kynnti síðan niðurstöður faghópa III og IV, Anna kynnti niðurstöður faghóps II og Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Að loknum kynningum var opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Umræður og fyrirspurnir

Guðmundur Ingi – Suðurorku

Þegar kostunum verður raðað endanlega í niðurstöðum faghópanna – hvernig verður tekið tillit til stærða virkjana?

Hversu mikið vægi hafa einstakir faghópar við lokaröðun verkefnisstjórnar. verkefnisstj.

Margir kostir undir 50 MW. Allir kostir á Torfajökulssvæðinu metnir saman, af hverju þá ekki allir kostir í Hvítá metnir saman?

Hvað með að meta alla virkjanakosti í Skaftá saman?

Guðni

Vægi stærðar mikið rætt í fyrsta áfanga rammans, flókið mál varðandi stærð og hagkvæmni – litlar virkjanir sem geta verið mjög hagkvæmar en valda miklu tjóni og verða þarf af leiðandi óæskilegri fyrir vikið. Í 2. áfanga er um jafnari stærðir virkjana að ræða þar sem margar virkjanir eru á bilinu 100 -150 MW.

Varðandi Torfajökulssvæðið þá er það svo stórt að þar yrðu líklega alltaf margar virkjanir ef byrjað yrði á annað borð.

Þóra Ellen

Skoðaði sambandið milli umhverfisáhrifa og stærðar í fagh. 1 í fyrsta áfanga. Niðurstöður voru að einungis væri um marktækt samband að ræða milli orkugetu virkjunar og áhrifa á jarðminjar og vatnafaren ekki fyrir annað, þ.e. hvorki menningarminjar, landslag né lífríki.

Aðferðafræði faghóps 1 býður upp á að stilla saman 3 litlum virkjanakostum á móti einum stórum.

Nálgun rammaáætlunar byggist hins vegar á því að meta einn kost í einu og alltaf eins og sá kostur sé næstur í röðinni.

Varðandi alla kosti í Skaftá saman. Faghópur 1 mat verðmæti á öllu vatnasviði Skaftár en áhrif hvernir virkjunar voru metin sér.

Svanfríður

Varðandi vægi niðurstaðna einstakra faghópa þá eru hóparnir að vinna fyrir verkefnisstjórna og þær niðurstöður ásamt ábendingum sem koma fram í kynningarferlinu verða lagað til grundvallar við lokamat. Nú er óskað eftir umsögnum og athugasemdum sem hafðar verða til hliðsjónar við lokavinnu verkefnisstjórnar

Guðmundur Ingi

Í heildarröðun koma stærstu virkjanakostirnir alltaf efstir í röðinni en ef litlir kostir eru teknir með þá fengju þeir betri einkunn.

Aflgeta á Torfa meta saman 10 aðra kosti á móti Torfa – væri kannski bara betra að fórna Torfajökulssvæðinu og þar með væri hægt að friða allt hitt???

Er eitthvað tillit tekið til þessa.

Erlendur Björnsson

Myndi ein stór virkjun í Skaftá gefa grænt ljós á fleiri litlar virkjanir ?

Er hægt að nálgast mat á Djúpa fyrir ferðapjónustuna og hvaða áhrif það hefði ef þar yrði virkjað.

Ólafía Jakobsdóttir

Veltir fyrir sér mati á íslenskum jarðmyndunum á heimsvísi – koma þær inn i mat fagh. 1

Móbergshryggir, Skaftáreldahraun, samspil hrauns og eldvatns.

Verður slíkt mat tekið inni lokamat verkefnisstjórnar?

Þóra

Mat á jarðmyndunum á heimsvísu er erfitt mál í fræðilegu samhengi þar sem ekki hafa verið settir neindir alþjóðlegir staðlar eða viðmiðanir líkt og í líffræðinni þar sem vísindasamfélagið hefur farið í gegnum mikla vinnu varðandi þetta, þ.e. mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni. Faghópurinn mat sérstakt mikilvægi en tók aðeins með þar „opinbert“ eða „viðurkennt“ mat, það er mat sem byggðist á nálgun eða aðferðafræði sem er sameiginlega eða viðurkennd innan vísindasamfélagsins eða svæði sem stjórnvöld hafa viðurkennt sem sérstaklega mikilvæg m.t.t. náttúru eða menningarverðmæta með því að friðlýsa þau.

Faghópurinn taldi sig ekki hafa forsendur til að leggja dóm á hvað sé mikilvægt á heimsvísu án þess að hafa annað óháð mat. Það var þó ítrekað að hópurinn taldi vatnasvið Skaftár, Langasjó, móbergshryggina þar, Eldhraunið og Eldgjá mjög mikilvægt.

Ingibjörg Eiríksdóttir

Aðferðafræði varandi ferðapjónustuna

Land í Vatnajökulspjóðgarði. Samlegðaráhrif vegna þjóðgarðsins

Fjöldaferðamannastaðir tapa mestur þegar áhrif eru skoðuð, en það er ósnorna landið og einstök náttúra sem kallar á ferðamenn. Sérstök áskorun að eiga ósnortið land heldur en staðri á borð við Landmannalaugar.

Vonarskarð skorar lágt vegna skorts á innviðum – var leitað leiða til að skoða ósnortna landið út frá ferðapjónustu og að það eru fyrst og fremst fjöldaferðamannastaðir sem koma út sem verðmætir.

Anna

Þessi áætlun unnin út frá forsendum virkjana en í vinnunni er verðmætamatinu skipt í fimm hluta og undirviðföng þar undir. Upplifun 50% og framtíðarvirði 10%.

Ef verið væri að horfa á svæðið bara út frá ferðamennsku væri aðallega horft á þessi 60%. Ljóst að út úr þessu mati verður hægt að vinna frekar og jafnvel nota sem grundvöll fyrir landnýtingaráætlun fyrir ferðaþjónustuna.

Fjölmennu staðirnir fá stig út frá öðrum hlutum en t.d. Vonarskarð. Virkjun þar myndi hafa gífurlega mikil áhrif á ferðamennsku.

Grundvöllur vinnunnar út frá hagsm. virkjana. Þó svo staður fái ekki háa einkunn í þessari vinnu getur hann verið gífurlega mikilvægur fyrir ferðaþjónustuna.

Ef Djúpa yrði virkjuð þá yrðu önnur svæði í nágrenninu ekki eins verðmæt fyrir ferðaþjónustu framtíðarinnar og hversu ósnortið það er. Um leið og það verður raskað þá breytist verðmætið.

Jóhannes Gissurarson

Í Hólmsá 3 virkjunarkostir sem eru ólíkir út frá umhverfisáhrifum.

Var Hólmsá metin í einu lagi ?

Þóra

Verðmæti vatnasviðanna metið í einu lagi, þ.e. vatnasvið ofan stíflu eða ofan hálendisbrúnar Síðan eru áhrif virkjanakosta metin og hvað Hólmsá varðar þá var áin fyrst metin í einu lagi og síðan 3 virkjanakostir sérstaklega.

Landslag og víðerni vegur fjórðung í fagh. 1 og verðmæti rýrnar um leið og farið er að raska, það mat ætti ekki að breytast mikið eftir því hver metur. Myndi rýra nálæg svæði.

Erlendur Björnsson

Stóra virkjun í Skaftá. Ef komin er stór virkjun er þá ekki auðveldara að koma að minni virkjunum.

Guðni telur það – „klára málið“ á þeim svæðum sem byrjað er á áður en farið er inn á ný svæði. Þóra tekur undir það að fyrirstaða verði minni ef þegar hefur verið raskað.

Guðmundur Ingi

Alþjóðlegir staðlar um ósnortin víðerni, hvaða skilgreining er notuð í vinnunni. Er mögulegt að notaðar séu mismunandi skilgreiningar á mismunandi svæðum?

Anna

Varðandi víðerni. Ferðaleiðina þá miðast hún ekki við 5 km. radíus – heldur er horft á ferðaheild og ferðasvæði í samhengi.

Sumstaðar vilja menn hafa sem minnst af innviðum.

Þó alþjóðlega skilgreiningin sé höfð til hliðsjónar þá gengur hún ekki þegar horft er á ferðaleið í heild því fleiri ferðasvæði sem liggja saman ósnortin því meira verður mikilvægi þeirra fyrir ferðaþjónustuna.

Þóra

Bendir á grein í Science á samanburði á vatnasviðum þar sem fram kemur að í Evrópu væru eftir 3 stór óröskuð vatnasvið, þ.e. sem ekki hefur verið miðlað – hér eru engin vatnasvið friðlýst.

Er ósátt við íslenska þýðingu á wilderness /vildmark sem óröskuð víðerni. Erlendis á hugtakið við svæði með engin eða óveruleg sýnileg ummerkji um athafnir mannsins t.d. í Noregi búa Samar á þessum svæðum.

Samkvæmt skilgreiningu í náttúruverndarlögum er lágmarksstærð víðerna skilgreind út frá 5 km radíus. Faghópurinn notaði sömu viðmið við öll svæði. Verðmæti víðerna endurspeglar fyrst og fremst stærð þeirra, þ.e. víðáttu.

Hvernig á að taka á öllum þeim slóðum sem liggja þvers og kruss um hálendið— eiga þeir að hafa áhrif á skilgreininguna – sumstaðar erlendis eru fáfarnir slóðar látnir liggja milli hluta.

Guðmundir Ingi

Ferðamenska hefur 82% vægi í heildareinkunn í faghópi II.

Hvernig er tekið tillit til þess að langmestu áhrifin af ferðamönnum verða í Reykjavík og að stærstur hluti ferðamanna ferðist bara um láglandið.

Áhrif ferðamenskunnar almennt??

Anna

Prósentutalan fengin út frá landsframléiðslu. Tekur undir að mikið verði eftir í Reykjavík en í vinnu faghópsins er horft út frá þeim markhópum sem sækja svæðin í dag og hvernig svæðin eru heimsótt og notuð. Erfitt að sjá að fámennir staðir eins og Langisjór sé meira virði en t.d. Geysir.

Við APH röðun var bæði Geysir og DJúpa færð upp.

Ólafía Jakobsdóttir

Varðandi Skaftá og matið á henni.

Aðallega verið að tala um virkjanir miðsvæðis og alveg inn í Langasjó. Neðri svæði Skaftár nærir grunnvatnslindir og veið

Hvernig eru hagsmunir af veiði teknir inn – kemur það inn í lokamatið?

Anna

Veiðin kemur bæði inn í heildarmatið sem hlunnindi og einnig sem hluti af ferðaþjónustu og útivist.

Er rétt að sumir kostir hafa ekki verið metnir af öllum hópum

Ekki lágu alltaf fyrir nægjanleg gögn fyrir alla hópa.

Í sumum tilfellum er bara verið að koma kostum á blað – verði alla vega komnir í biðflokk.

Torfajökulssvæðið var metið í einu lagi hjá hópum 1 og 2 – m.a. vegna þess að hugmyndir orkufyrirtækjanna voru mjög óljósar.

Magnús ...

Veltir fyrir sér innstreymi jökulvatns í Skaftá og hvort verndargildi hefði verið metið ef slíkt innstreymi væri ekki til staðar.

Þóra

Skoða varðandi veitu í Langasjó.